

Snæfari landar fyrsta síldarfarminum:

Síldarvertíðin er hafin

– stefnt að söltun á Fáskrúðsfirði í dag

Síldarvertíðin er nú hafin og veiddist fyrsta síldin í Mjóafirði í fyrirótt. Það var Snæfari RE-76 sem veiddi þessa síld og var henni landað á Eskifirði þar sem hún var fryst í beitu. Skipstjóri á Snæfara er aflaklói Ingvi Rafn Albertsson, en hann hefur jafnan verið með Guðmund Kristin: SU-404 frá Fáskrúðsfirði, en nú er verið að koma fyrir nýjum síldarleitartækjum í Guðmundi Kristni og er hann ekki tilbúinn ennþá. Síldin virðist stór og falleg en endanlegar niðurstöður úr prófunum munu ekki liggja fyrir fyrr en í dag.

Söltun að hefjast

Nú liggur fyrir að strax og söltunarstöðvar hafa orðið sér úti um vinnsluleyfi getur söltun hafist upp í samninga við Svía og Finna. Samningar hafa nú tekist við innflytjendur frá þessum löndum um sölu á samtals 51.000 tunnum af ýmsum tegundum saltaðrar síldar, en það er um 15% meira magn en í fyrra.

Síldina sem Snæfari landaði á Eskifirði átti upphaflega að salta á Fáskrúðsfirði hjá Pólarsíld þar sem Snæfari jafnan leggur upp á síldarvertíð, en ekki tókst að fá söltunarstöðina tekna út af Ríkismati sjávarafurða nógu snemma og var hún því send í frystingu á Eskifjörð. Hjá Pólarsíld er nú allt tilbúið til söltunar og vantar aðeins samþykki Ríkismatsins til að söltun geti hafist. Skarphéðinn Óskarsson hjá Ríkismatinu sagði við Tímann í gær að maður frá þeim væri á leiðinni austur og að öllum líkindum yrði hægt að hefja söltun á Fáskrúðsfirði í dag miðvikudag, ef allt væri eins og það ætti að vera.

Enn ekkert síldarverð

Enn hefur ekki verið ákveðið verð á síld til söltunar, frystingar, eða í úrgang og ekki boðaður nýr fundur í Verðlagsráði um þetta mál. Hugmyndin mun vera sú að biða og sjá hvernig samningar við Sovétmenn þróast. Formlegar viðræður Síldarútvegsnefndar og Prodintorg, sovéskra fyrirtækisins sem sér um síldarinnkaup, hefjast í dag og eru menn almennt sammála um að mikið beri á milli samningsaðila.

Þrátt fyrir að söltun upp í samninga við Svía og Finna geti hafist strax auðveldar það ekki ákvörðun um það hvað greiða eigi fyrir síld upp úr sjó þar sem öll sala á saltsíld er miðstýrð og fer í gegnum Síldarútvegsnefnd. Þannig fá saltendur ekki hærra verð fyrir síld sem fer til Skandinavíu en síld sem fer til Rússlands eða öfugt.

Þröng staða

Ljóst er því að mikið liggur við að ná samningum við Sovétmenn hið fyrsta, en það er jafnframt ljóst að sjaldan eða aldrei hafa samningaviðræður dregist jafn lengi og sjaldan hefur samningsaðstaða okkar verið jafn þröng. Norðmenn og Kanadamenn hafa undirboðið Suðurlandssíldina verulega á okkar helstu mörkuðum og er þess skemmst að minnast að umtalsvert bakslag kom í viðræður við Svía og Finna fyrir skömmu vegna undirboða Norðmanna á elleftu stundu. Síldarsaltendur eru nú einnig mjög varkárir eftir óskemmtilega reynslu í fyrra þegar stórtap varð á síldarsöltun, og telja þeir sig ekki geta greitt mjög hátt verð fyrir síldina án þess að til komi veruleg



Frá síldarsöltun á Reyðarfirði.

tekjuaukning af sölu erlendis á móti.

Á þessari vertíð verður leyft að veida 65 þúsund tonn af síld og alls munu 97 bátar taka þátt í veiðum, en frestur til þess að skila inn síldarkvóta sínum og fá í staðinn botnfiskkvóta rann út sl. sunnudag. Þetta þýðir að rúm 600 tonn koma í hlut hvers báts en heimild er fyrir því að sameina tvo kvóta,

þannig að hámarkskvóti á bát verður því rúm 1200 tonn.

Síld í bræðslu

Sjávarútvegsráðuneytið hefur tilkynnt að í ár verði leyft að veida síld til bræðslu að einhverju leyti en ekki er enn ljóst nákvæmlega hversu mikið eða hvaða síld leyft

verður að bræða. Verður beðið með frekari ákvörðunartöku um það hvernig síldin verður nýtt þar til línur fara að skýrast í sölumálum til Sovétríkjanna. Þóður Eypórs-son deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu sagði í samtali við Tímann í gær að þangað til bæri að túlka þessa tilkynningu ráðuneytisins þannig að komi bátur með afla að landi og einhver hluti hans nýtist ekki í aðra vinnslu, það væri t.d. mikið af átusilum eða sleginni síld þá væri ekkert því til fyrirstöðu að hún færi í bræðslu.

Flestir þeir sem Tíminn ræddi við í gær töldu að ótrúlegt væri að bátar myndu fara að gera eingöngu út á síld til bræðslu nema ef leyfi kæmi frá ráðuneytinu um að slá saman fleiri en tveimur kvótum, 1200 tonn væru full lítið fyrir hvern bát í slíka vinnslu. Hins vegar er jafnljóst að sumar bræðslurnar myndu ekki slá hendinni á móti síld ef skynsamlegir samningar tækjust um verð, og koma þá helst til greina þær verksmiðjur er eru út á „enda“ eins og kallað er, þ.e. þær sem lengst eru frá loðnumiðunum. Ein slík verksmiðja er Síldarverksmiðja ríkisins á Reyðarfirði sem vel getur annað meira hráefni og myndi þá, eftir áralangt hlé á ný bera nafn með rentu.

Enn er þó spurningin um síld til bræðslu vangaveltur einar og fýsileiki þessa valkosts kemur til með að velja á niðurstöðum þeirra viðræðna sem hefjast í dag milli Sovétmanna og Íslendinga. Hitt er svo annað mál hversu lengi Íslendingar geta haldið þeirri sérstöðu sinni að salta til manneldis meirihlutann af þeirri síld sem þeir veida, en Norðmenn t.d. salta einungis um 5% af síldarafla sínum. **-BG**

Bandarískir sjónvarpsmenn:

Viðstaddir messu í kirkju í Flóanum

Frá fréttaritara Tímans í Gaulverjabæjarhreppi, Stefáni Jasonarsyni

Þau koma víða við sögu umsvif erlendra fjölmiðla um þessar mundir

Heimildarrit um Erró, 1974-1986

Fyrir skömmu kom út hjá Stórðar-útgáfunni, bók um hinn fræga íslenska málara Erró. Bókin er heimildarrit um list málarans frá árinu 1974 til ársins 1986.

Í bókinni er að finna ljósmyndir af öllum þeim verkum sem Erró hefur unnið á ofangreindu tímabili, auk lista aftast í bókinni yfir allar þær sýningar sem málarinn hefur tekið þátt í sem og einkasýningar. Eins er skrá um allar þær bakur, ritdóma eða blaðagreinar þar sem fjallað er um málarann.

Tvö hundruð eintök af bókinni voru tölusett og árituð af listamanninum og fylgja þessum eintökum fjögurra lita litógrafía, sem Erró vann sérstaklega í tilefni af útkomu bókarinnar. Bókin, sem heitir fullu nafni Erró, Myndverk 1974-1986 kemur samtímis út á íslensku, frönsku og ítölsku.

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ritaði inngang bókarinnar, og ber hann nafnið „Krócaleið heim að Klaustri“. Bókin er til sölu í öllum bókabúðum sem og hjá forlaginu.


og kynning á landi og þjóð erlendis vegna leiðtogafundarins í Reykjavík. Til dæmis voru menn frá CBS sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum við guðsþjónustu í Gaulverjabæjar-kirkju á sunnudaginn var.

Sjónvarpsstöðin, sem hefur að fróðra manna sögn meira en 100 manna lið við efnisöflun hér á landi mun áður en langt um líður sýna fjölbreyttan fræðsluþátt frá Íslandi þar vestra og er guðsþjónusta í íslenskrí sveitakirkju þar meðal efnis.

Kirkjusókn í Gaulverjabæjar-kirkju á sunnudaginn var ágæt og hugljúfur alvöru og helgibler yfir athöfninni. Kom sóknarpresturinn, séra Úlfar Guðmundsson víða við í ágætri ræðu og gerði meðal annars að umtalsefni þýðingu þeirrar ráðstefnu sem fyrirhugað er að halda í Reykjavík næstu daga og ákvarðanir leiðtoganna sem hvor um sig hafa fjöregg heimfríðarins í sínum höndum og framtíð mannkyns á þessari jörð.

Athugasemd

Af gefnu tilefni skal tekið fram að umferðarslys við Kleifá á Snæfellsnesi sem sagt var frá í blaðinu í gær, varð ekki á þeim vegarkafila sem lögreglan í Stykkishólmi gagnrýndi í sömu frétt vegna lélegs viðhalds.



Frá sýningu á verkum Eyjólf J. Eyfells á Kjarvalsstöðum.

Tímamynd: Sverrir

Aldarminning Eyjólf J. Eyfells:

Yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir yfirlitssýning á verkum hins þjóðkunnna málara Eyjólf J. Eyfells.

Eyjólfur fæddist þann 6. júní 1886 að Seljalandselli undir Eyjafjöllum, þannig að í ár eru eitt hundrad ár liðin frá fæðingu hans. Hann fluttist tuttu og tveggja ára gamall til Reykjavíkur og hóf þá teiknina

hjá Stefáni Eiríkssyni, sem kallaður var hinn oddhagi. Þar var hann við nám í þrjú ár en fyrstu sýningu sína hélt hann ekki fyrr en árið 1919.

Síðar, eða 1923 hélt Eyjólfur til náms í Þýskalandi og nam þá undir handleiðslu hins þekktu portrettmálara E.O. Simonsen-Castelli.

Eyjólfur hafði málalístinu að ævistarfi, eða frá árinu 1914 til ársins 1977. Þekktastur er Eyjólfur fyrir landslagsmálverk sín og þá stemmingu sem hann nær fram í verkum sínum.

Sýningin, sem er í Kjarvalsstöðum stendur fram til hins 19. október.